

vor! við þér, því vonin
vaknar þá og grær.

* * *

Lifi ljúfa vorið!
Lifi vonin skær!
Lifi blesað lífið —
lífsins vonin kær!

Drjúpi' á hana dreyrinn —
döggvan lífsins heit.
Lifir ljósa vonin
lífs í vermi-reit.

—o—

MYNDIR ÚT AF UPPRISUNNI.

Préðikað er út af upprisunni. Og sungið er út af upprisunni. Hvern einn einasta sunnudag er préðikað og sungið út af upprisunni — um Jesúm Krist, frelsarann, krossfestan og upprisinn. En svo eru líka myndir málaðar út af upprisunni. Og þeir eru margir, sem hafa málað þær — málað myndir, sem sýna Jesúm upprisinn.

En mjög fáir hafa reynt að mála upprisuna sjálfa. Mál-ararnir hafa ekki treyst sér til þess. Enda þegja guðspjalla-mennirnir. Þeir reyna ekki að segja frá henni sjálfir.

Þeir segja allir frá því, að Jesús hafi upprisið. Vitna á þann hátt um upprisuna hans; því þetta vissu þeir. En þeir vissu ekkert um það, *hvernig* Jesús uppreis. Enginn hafði séð hann upprísa. Þess vegna þegja þeir.

Þeir segja ekki frá öðru en því, sem þeir vita. Ekki samt frá öllu því, sem þeir vita. Ekki neitt líkt því. Þeir velja úr, og taka það, sem á við það, sem þeir sérstaklega ætla sér að segja.

Um upprisuna vilja þeir vitna — um það, að Jesús hafi sannarlega upprisið.

Það er fyrir þeim áreiðanlegur sannleiki. Og þeir vilja einmitt segja frá þessum dýrðlega sannleika á þann hátt, að hann verði áreiðanlegur sannleiki fyrir öðrum.

Um þennan sannleika vitnar fjöldi af miklu málurunum með myndunum sínum út af upprisu Jesú. Með þeim préðika þeir um drottin Jesúm upprisinn. Með *litum* reyna þeir að segja það, sem aðrir reyna að segja með *orðum*. Þeir tala til okkar gegn um *augun*, þar sem aðrir tala til okkar gegn um *eyrun*.